

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
03. feb. 2012
10.5.1
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. febrúar 2012
Tilvísun: UST20120100244/bs

Efnistaka að Björgum II, Hörgársveit, tillaga að matsáætlun. Umsögn

Umhverfisstofnun vísar til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að áhrifasvæði efnistökunnar sem sýnt er á mynd 2 sé í ósamræmi við skilgreinda áhrifaþætti sem lýst er í kafla 4.3.2, en þar eru neikvæð áhrif efnistökunnar talin verða á landslag og sjónræn áhrif. Stofnunin telur því að afmörkun áhrifasvæðis eigi að vera í samræmi við skilgreinda áhrifaþætti.

Á mynd tvö er sýnd áfangaskipting og afmörkun fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Umhverfisstofnun telur að setja eigi þessa verktílhögum í samhengi við skilgreinda áhættuþætti í frummatsskýrslu þannig að áfangaskipt vinnsla og frágangur verið til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum efnistökunnar, þ.e.a.s. að vinnsla og frágangur haldist í hendur eins og kostur er.

Í umfjöllun í tillögu að matsáætlun segir eftirfarandi um gróðurfar: "*Svæðið sem raskast við efnistöku er annars vegar ræktað land.... og hins vegar öræktað svæði melur og móar..... Fágætari plöntur er að finna á eyfirsínum melum en melum annars staðar á landinu..... Þar sem efnistakan raskar annars vegar ræktuðu landi og hins vegar algengum gróðursamfélögum, og gróðurframvinda er hröð í Eyjafirði vegna hagstæðra veður- og loftlagsskilyrða, er að mati framkvæmdaaðila ekki talin þörf á að meta sérstaklega og fjalla um gróður í frummatsskýrslu.*"

Umhverfisstofnun telur að hér sé tveimur óskyldum atriðum blandað saman. Annars vegar hagstæðum vaxtarskilyrðum fyrir gróður almennt í Eyjafirði og hins vegar upplýsingum um gróðurfar á fyrirhuguðu efnistökusvæði sem raskað verður við efnistökuna. Stofnunin telur að gera eigi grein fyrir þeim gróðursamfélögum sem er að finna á fyrirhuguðu efnistökusvæði.

Um fugla segir m.a. í tillögu: "*Þar sem búsvæði fugla eru víðáttumikil í Eyjafirði öllum og framkvæmdasvæðið ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, er það mat framkvæmdaaðila*


að ekki þurfi að fjalla sérstaklega um fuglalíf í frummatsskýrslu."

Umhverfisstofnun bendir á að hér koma engar upplýsingar fram um fuglalíf á fyrirhuguðu efnistökusvæði sem gerir úttekt á fuglalífi óþarfa. Stofnunin telur því að gera eigi grein fyrir fuglalífi í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að efni sé sett fram með skýrum og einföldum hætti í matsskýrslum.

Stofnunin vill að lokum benda á að afla þarf leyfis Fiskistofu ef fyrirhugað er að stunda efnistöku í eða nærrí ám og vötnum.

Virðingarfallst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson